

Stjórn Landspítala

Fundargerð

Fundur boðaður	21. júní 2024 kl. 12:30-15:00
Staðsetning	Skaftahlíð 24, R (Salur: Furuhlíð 1, 1.h.)
Númer fundar	23
Viðstaddir	<u>Stjórn</u> : Björn Zoéga, formaður, Sólrún Kristjánsdóttir, varaformaður, Runólfur Pálsson, forstjóri, Höskuldur H. Ólafsson, Gunnar Einarsson, Ingileif Jónsdóttir.
<u>Áheyrnarfulltrúar starfsmanna</u> :	Marta Jón- Hjördísardóttir
<u>Aðrir</u> :	Þórunn Oddný Steinsdóttir, forstöðumaður.
Fjarverandi:	Örvar Gunnarsson, áheyrnarfulltrúi starfsmanna
Gestir:	Jón Hilmar Friðriksson, forstöðumaður, Gunnar Ágúst Beinteinsson, framkvæmdastjóri, Tómas Þór Ágústsson, framkvæmdastjóri, Svava María Atladóttir, framkvæmdastjóri.
Fundarstjóri:	Sólrún Kristjánsdóttir, varaformaður
Fundarritari:	Þórunn Oddný Steinsdóttir

Dagskrá

1. Fundargerð

Fundargerð maifundar samþykkt.

2. Skýrsla forstjóra

Forstjóri fer yfir mannfjöldapróun, hvaða forsendur lágu til grundvallar vinnu McKinsey í skýrslunni sem birtist 2021 og byggði á gögnum frá 2019. Forstjóri upplýsir að spítalinn hafi óskað eftir endurskoðun á ákveðnum hlutum skýrslunnar vegna breyttra forsendna en skv. nýrri mannfjöldaspá Hagstofunnar mun aukningin vera um 90.000 einstaklingum meiri en gert var ráð fyrir í spá McKinsey. Áberandi er fjöldi fólks með erlent ríkisfang en í forsendum McKinsey var gert ráð fyrir að sú fjölgun hefði náð hámarki og færi minnkandi.

Farið yfir fjölda sjúklinga innan spítalans sem tilbúnir eru til útskriftar. Spítalinn hefur átt gott samstarf við heilbrigðisyfirvöld til að stemma stigu við því að fjöldinn aukist umfram það sem spítalinn getur þolað. Miðað við mannfjöldaspá má gera ráð fyrir að aukning í bráðahjónustunni verði um 12%. Svo koma ferðamenn til viðbótar við þá fjölgun. Farið yfir þörf á fjölda bráðalegurýma en þörf er á fjölgun bráðalegurýma um þriðjung til að ná viðmiðum um 85% rúmanýtingu. Legurýmum þarf að fjölga um 200 til ársins 2029 til að mæta lýðfræðilegri þróun. Áréttað að stærsti hluti þjónustu spítalans er ferliþjónustuhlutinn, þ.e. 85% af starfsemi spítalans. Í upphafi ársins 2024 voru rúmlega 75 þúsund einstaklingar í meðferðarsambandi á dag- og göngudeildum. Meðalfjöldi koma árið 2023 var 3,14 á hvern einstakling. Árið 2023 voru nýjar ferlilotur á dag-

og göngudeildum um 185 þúsund en um 17 þúsund einstaklingar eiga 2-10 opnar ferlilotur eða um 25% hópsins.

Einnig farið yfir skiptingu útgjalda milli spítalans og sjálfstætt starfandi starfseminnar innan ýmissa sérgreina læknisfræðinnar eins og þau komu fram í skýrslu McKinsey. Forstjóri lagði áherslu á það á fundi með fjárlaganefnd að annar áfangi uppbyggingar nýs Landspítala fari á fjármálaáætlun. Almennt eru spítalar byggðir út frá þörf fyrir þjónustu og framtíð spítalaþjónustu er í dagdeildarstarfsemi fremur en legudeildaþjónustu. Rætt um uppbygginguna við Hringbraut og mikilvægi þess að annar áfangi fari inn í fjármálaáætlun og þannig göngu- og dagdeildarbygging auk nýrrar geðdeildarbyggingar.

Á fyrirhuguðum fundi með stjórn NLSH hyggst stjórnin ræða tímaáætlun og kostnaðaráætlun verkefnisins og hvort einhverjir þættir verkefnisins frestist eða verði felldir út.

Húsnæðisáskoranir ræddar, brýn þörf á auknu húsnæði Landspítala svo unnt sé að mæta aukinni þjónustuþörf fram að flutningi í nýtt húsnæði. Einkum skortir húsnæði fyrir starfsemi bráðamóttöku í Fossvogi, bráðalegudeildarþjónustu og göngu- og dagdeildarþjónustu, m.a. krabbameinsþjónustu, nýrnaskilun og myndstýrt inngríp. Beðið er eftir afstöðu ráðuneytisins til þessa.

Rætt um fjölmiðlaumfjöllun, m.a. um leiðbeiningar um fjölmiðlaþáttöku en drög að leiðbeiningum voru unnin af samskiptateymi spítalans og kynnt stjórnendum og starfsfólki í gegnum vefmiðilinn Workplace. Drögin voru rædd á fundi yfirlækna í tvígang og óformlegt samráð haft við nokkra starfsmenn sem hafa átt í samskiptum við fjölmiðla. Efnislega eru lykilatriði leiðbeininganna þau að starfsfólk er hvatt til að miðla sérþekkingu sinni, skýrt er í þeim hvenær starfsfólk má koma fram undir merkjum Landspítala (s.s. í fatnaði eða innan húsnæðis) og hvenær ekki, áréttað er að tjáning á samfélagsmiðlum telst opinber tjáning, minnt er á samstarf við samskiptateymi spítalans sem leiðbeinir starfsfólki og veitir stuðning vegna fjölmiðlaþáttöku. Þá er fjallað um réttindi og skyldur ef starfsfólk telur öryggi sjúklinga ógnað.

Stjórn upplýst um að ráðherra hafi skipað starfshóp um einstaklingsmiðaða heilbrigðisþjónustu. Forstjóri spítalans verði fulltrúi spítalans auk Jóns Jóhannesar Jónssonar sem tilnefndur var af erfða- og sameindalæknisfræðideild spítalans.

Stjórnarmenn óska eftir upplýsingum um úttekt Ríkisendurskoðunar á áætlanagerð Landspítala. Ákvörðun tekin um að á næsta stjórnarfundi verði farið ítarlega í gegnum skýrsluna og þær ábendingar sem þar koma fram.

Nýr Landspítali

Jón Hilmar kemur inn á fund

Staða framkvæmda og helstu útboða kynnt en hún er sú að það gengur nokkuð vel að steypa helstu útveggi, þakfrágangur er að hefjast, útboð á lokahönnun og frágangi 5. og 6. hæða (legudeilda) er í gangi. Uppsteypa

rannsóknarhúss er í gangi. Tilboð í uppsteypu og fullnaðarfrágang utan- og innahúss fyrir nýbyggingu Grensáss verður opnuð í júní.

Farið yfir uppfærðar kostnaðar- og tímaáætlanir sem nú standast. Upplýst að frumathugum varðandi geðþjónustubyggingu sé í gangi í samstarfi við sænska arkitekta og með aðkomu Geðhjálpur og geðráðs. Einnig verði önnur vinnustofa í lok júní þar sem yfirfarin verði drög að húsrýmisáætlun.

Upplýst um þróun varðandi tæki og hugbúnað. Undirbúningur að nokkrum verkefnum sem þetta varðar eru farin af stað, þ.e. lífsýnasafni, flæðilínu og sjálfvirkni í sýkla og veirufræði. Lögð hafa verið fram drög að ICT plani sem nú eru í rýni hjá NLSH og Landspítala.

Jón Hilmar vikur af fundi.

Fjármál og húsnæðis og tækjabúnaðarmál

Gunnar Ágúst Beinteinsson kemur inn á fund

Farið yfir stöðunni í þjónustutengdri fjármögnun en staðan núna er þannig að við erum um 4% yfir áætlun. Farið yfir hvernig áætlun er sett saman og hvernig stendur til að bæta áætlanagerðina. Varlega áætlað stefnir í 3,1% umframframleiðslu sem er um 1,5 milljarður króna. Farið yfir skráningu fyrir komur og legur og stöðu villuflokkunar.

Bráðabirgðauppgjör janúar til maí kynnt sem bendir til jákvæðrar stöðu í rekstri upp á 0,8%.

Farið yfir yfirlit dagvinnustöðugilda janúar til maí 2024.

Rætt um húsnæðisáskoranir en gera þarf umtalsverðar endurbætur á húsnæði Blóðbankans við Snorrabraut og í B-álmu kvennadeildarbyggingarinnar. Endurbætur standa yfir á Landakoti og við Klepp. Einkum skortir húsnæði fyrir starfsemi bráðamóttöku í Fossvogi, bráðalegudeildarþjónustu og fyrir göngu- og dagdeildarþjónustu.

Framlag til húsnæðis hefur ekki verið verðbætt frá 2018 og hefur því rýmað gífurlega.

Verkefni vegna meiriháttar viðhalds og endurbóta árið 2024 kynnt sem og innihald minnisblaðs um brúarverkefni fram að flutningi í nýtt húsnæði spítalans við Hringbraut.

Fjárfestingaráætlanir vegna tækja og búnaðar og stafvæðingar fyrir árið 2025 kynntar og ræddar.

Björn Zoéga vikur af fundi

Gunnar vikur af fundi.

3. Þróun dag- og göngudeildarstarfsemi

Svava María Atladóttir og Tómas Þór Ágústsson koma inn á fund

Rætt um fortíð og þörfina fyrir framþróun á sviði göngudeildarþjónustu. Farið yfir fyrirkomulag dag- og göngudeilda og skort á þróun á því sviði. Farið yfir hvernig göngudeildarþjónusta hefur þróast erlendis og hvert stefnt er í göngudeildarstarfsemi á Landspítala. Áhersla lögð á að skýra þurfi verkaskiptingu milli spítalans og sjálfsætt starfandi starfseminnar. Með göngudeildarstarfsemi til framtíðar er átt við sérhæfða heilbrigðisþjónustu án innlagnar á sjúkrahús, samskipti sjúklings og sérhæfðs heilbrigðisstarfsmanns sem hefst oft með tilvísun frá heilsugæslu eða annarri sérhæfðri þjónustu. Um er að ræða þver eða fjölfaglega þjónustu á margvíslegu samskiptaformi sem leiðir til mats á sjúklingi.

Farið yfir skiptingu samskipta í ferliþjónustu milli sviða innan spítalans og eftir tegund samskipta. Einnig farið yfir hvar mesti vöxturinn er í ferliþjónustu.

Flokkun erinda sem til okkar leita sem ættu heima á öðru þjónustustigi rætt til að fá skýrari mynd af magni og fjölda þeirra sem sækja þjónustu og ættu að sækja þjónustuna annarstaðar.

Rætt um verkefnið ferli tilvísana og framgang þess verkefnis. Verkefnið klárast núna í sumar og hefur gengið í heildina mjög vel þó að verkefnið hafi tekið lengri tíma en gert var ráð fyrir. Samhliða þessu verkefni fór fram mikil þróun á Heilsugáttinni sem er helsta vinnutól stafsmanna.

Upplýst um að næsta átaksverkefni sem komið er af stað er ferli sjúklinga með aðkallandi vandamál.

Upplýsingar til sjúklinga í gegnum tæknilausnir ræddar.

Rætt um þróun innan þjónustunnar út frá þörfum sjúklinga. Upplýst um verkefni sem sneri að kortlagningu á ferli nýrnasjúklinga.

Rætt um kostnaðarábataútreikninga af tæknilausnum og mikilvægi þess að fá slíkar upplýsingar til að rökstyðja þá nálgun sem stuðst er við.

Spurt út í framgang og samstarf við NLSH um tækniþróun.

Stjórn telur gagnlegt að fá forstjóra Sjúkratrygginga Íslands á fund til að ræða hlutverkaskiptingu innan heilbrigðisþjónustunnar.



Tómas og Svava vikja af fundi.

4. Önnur mál

- Ákveðið að óska eftir fundi með formanni stjórnar NLSH og formanni stýrihóps NLSH.
- Ákveðið að óska eftir fundi með forstjóra Sjúkratrygginga Íslands til að ræða hlutverkaskiptingu í kerfinu.

Fundi slitið 15:20